

Canterville-draugurinn

Einfaldar kennslutillögur

Áður en farið er í sjálfa söguna getur verið gagnlegt að segja stuttlega frá höfundinum (*sjá um höfund*).

FYRSTI KAFLI

Lesi fyrsta kafla sögunnar eða hlusta á hann upplesinn.

Ræða:

- Eru draugar eða afturgöngur til? (Hvers konar fyrirbæri eru það þá? Hvað verður um hina sem ekki verða draugar? o.s.frv.)
- Hvaða íslensku draugasögur þekkjum við?

Fara í gagnvirku fjölvalsspurningarnar úr fyrsta kafla. Tilvalið að gera það á skjávarpa.

Svara spurningunum í verkefnaheftinu.

Orðskýringar:

chase: Orðið *chase* gefur til kynna að hér hafi verið hús sem einhver ríkur landeigandi hafi átt og notað fyrst og fremst til að stunda veiði. Orðið *chase* merkir öðrum þræði eltingarleik, það að elta einhverja bráð.

andsetinn: Sem innihélt illan anda; drauga.

siðfágun: Siðprýði og kurteisi í framkomu og hegðun.

beinaber: Grannur, þannig að útlínur beina sjást vel í gegnum húðina.

að henda (henti): Að gerast (gerðist).

að vera svefnsamt: Þ.e. getað sofið heilum svefni.

torkennilegur: Einkennilegur, óskýr.

falur (falt): Sem hægt er að kaupa.

sést ekki alltaf fyrir: Breytir án þess að hugsa. Kann sér ekki hóf.

athafnamenn: Þeir sem eru duglegir að framkvæma.

frumkvöðlar: Uppfinningamenn; þeir sem fara af stað með nýjungar, oft þvert á trú annarra um ágæti þeirra.

gamli heimurinn: Bandaríkjamenn töluðu oft um Evrópu sem gamla heiminn; þaðan sem þeir komu upphaflega. Að sama skapi voru Bandaríkin nýi heimurinn.

grillur: Vitleysur.

þjóðhyggja: Stolt yfir eigin þjóðerni.

gardeniur: Blómategund.

hind: Kvenkyns hjartardýr.

uppnuminn: Hrifinn.

star and stripes: Hér er verið að vísa í bandaríska fánann þar sem er að finna stjörnur og rendur.

kappi: Lítið kvenhöfuðfat oft notað við framleiðslustörf.

Tudor-stíllinn: Stíll sem var vinsæll þegar Tudor-ættin var við völd á Englandi, frá 1485–1603.

að skenkja: Hella í glös eða bolla.

óafmáanlegur: Sem ekki er hægt að fjarlægja.

öngvit: Meðvitundarleysi; rot.

afglöp: Mistök.

ANNAR KAFLI

Lesi eða hlusta á annan kafla sögunnar.

Ræða:

- Hvenær á sagan að gerast?
- Hvað er að gerast á þessum tíma á Íslandi?
- Hvað vitum við um samfélagsgerðina á Englandi á þessum tíma?

Fara í gagnvirku fjölvalsspurningarnar úr öðrum kafla. Tilvalið að gera það á skjávarpa.

Svara spurningunum í verkefnaheftinu.

Orðskýringar:

yfirskilvitlegur: Yfirnáttúrulegur; dulrænn.

Sarah Bernhardt: Sarah Bernhardt (1844–1923) var fræg frönsk sviðsleikkona.

vitnisburður: Ummæli (um vöruna).

fjórða viddin: Þar sem lögmál um tíma og rúm gilda ekki. Hér getur verið gagnlegt að lesa það sem kemur fram á Vísindavefnum. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=52740>

píslarvottur: Sá sem þjáist fyrir trú sína.

Voltaire: François-Marie Arouet (1694–1778), betur þekktur undir höfundarnafninu Voltaire, var franskur rithöfundur og heimspekingur. Hann er þekktastur fyrir hnyttni sína, heimspekileg skrif og stuðning við mannréttindi, einkum trúfrelsi.

bryti: Einkabjónn.

ÞRIÐJI KAFLI

Lesi eða hlusta á þriðja kaflann.

Ræða:

- Sjónarhorn. (Í flestum íslenskum draugasögum segir frá viðskiptum manna við drauga þannig að mannfólkið segir frá og lýsir því sem fyrir augu ber eða gerist. Þessu er svólítið öðruvísi farið hér. Hvernig þá?)

Fara í gagnvirku fjölvalsspurningarnar úr þriðja kafla. Tilvalið að gera það á skjávarpa.

Svara spurningunum í verkefnaheftinu.

Orðskýringar:

að misbjóða: Að móðga eða óvirða.

að fipa: Truflla.

vistarvera: Dvalarstaður.

efnishyggja: Að leggja meiri áherslu á veraldlega hluti en andlega.

burtreiðar: Viðureign tveggja riddara á hestbaki.

bróðurpartur: Stærsti hluti.

rykking: Það sem rykkt er saman með þræði.

rýtingur: Hnífur.

þvalur: Rakur.

grafhvelving: Yfirbyggð gröf.

ýviður: Ættkvísl sígrænna barrtrjáa.

greypstur: Sem greypt eða mótað er í.

formælingar: Blót, ragn; bannfæring.

(dauðs manns) hula: Slæða, skýla.

jökulhetta: Efsti hluti fjalls sem er hulinn snjó.

kytra: Lítið og borulegt herbergi.

FJÓRÐI KAFLI

Lesi eða hlusta á fjórða kaflann.

Ræða:

- Persónur sögunnar / persónusköpun. (Eru persónurnar í sögunni trúverðugar? Standa þær fyrir eitthvað? Fáum við hlutdeild í hugsunum þeirra eða birtast þær einungis í gegnum orðræðu og athafnir? Hver mundir þú segja að sé aðalpersónan/aðalpersónur sögunnar?)

Fara í gagnvirku fjölvalsspurningarnar úr fjórða kafla.

Svara spurningunum í verkefnaheftinu.

Orðskýringar:

tilvist: Tilvera, líf.

viðhafnarstofa: Betri stofa.

einhleypa: Byssa sem einungis er hægt að hlaða með einu skoti.

óheflað: Gróft.

forkæling: Kvef.

dragsúgur: Súgur (gustur) innanhúss.

náðarhögg: Lokahögg; högg sem klárar dæmið.

armæða: Sorg, depurð.

háfleikur: Lakross; leikur með lítinn knött, ættaður frá indíánum.

örlagaþrunginn: Afdrifaríkur.

FIMMTI KAFLI

Lesi eða hlusta á fimmta kaflann.

Ræða:

- Hvaða munur er á Bandaríkjamönnum og Englendingum að mati höfundar?
- Af hverju virðist þessi bandaríska fjölskylda hafa svo ólík viðhorf til draugsins?

Fara í gagnvirku fjölvalsspurningarnar úr fimmta kafla.

Svara spurningunum í verkefnaheftinu.

Orðskýringar:

limgerði: Hekk; runnaröð notuð sem girðing.

refill: Veggteppi.

þerna: Þjónustustúlka.

afstrakt: Óhlutstætt, sem líkir ekki eftir raunveruleikanum.

óuppdregið: Sem enn er í svaðinu.

bródera: Sauma.

SJÖTTI KAFLI

Lesi eða hlusta á sjötta kaflann.

Ræða:

- Umhverfi. Hvar gerist sagan?
- Hvernig er umhorfs í Bretlandi og í Bandaríkjunum á þessum tíma? Hverjir ráða þar ríkjum? o.s.frv.

Fara í gagnvirku fjölvalsspurningarnar úr sjötta kafla.

Svara spurningunum í verkefnaheftinu.

Orðskýringar:

raunamæddur: Dapur.

slæddur: Leitað í vatni með því að draga net eftir botni þess.

aðhafast: Framkvæma, gera.

kjúkur: Fremstu bein fingranna.

gluggabora: Lítil gluggi.

SJÖUNDI KAFLI

Lesi eða hlusta á sjöunda kaflann.

Ræða:

- Hvert er þema sögunnar?
- Hvernig er þessari sögu best lýst? Hvers konar saga er þetta?

Fara í gagnvirku fjölvalsspurningarnar úr sjöunda kafla.

Svara spurningunum í verkefnaheftinu.

Orðskýringar:

grunnildi: Meginskoðanir.

geðprúður: Kurteis; skapgóður.

skör: Þrep.